

**Sb.**

## **249. Tillaga til þingsályktunar**

um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að framkvæma reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um fyrningu, á þann hátt, að frá skattskyldum tekjum eigenda fiskiskipa og véla í fiskiskip, fasteigna og véla í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað, ef þeir hafa eignast verðmæti þessi með styrjaldarverði, dragist auk venjulegrar fyrningar sá hluti verðsins, sem fer fram úr verði sams konar eigna árið 1939.

Frádráttur þessi kemur fyrst til greina við framtaldar tekjur árið 1942 og helst til ársins 1946, ef afskriftum þessum er ekki fyrr lokið. Þó má frádráttur þessi aldrei fara á einu ári fram úr 30% af því, sem alls má draga frá samkv. fyrri málsgrein þessarar greinar. Skal ríkisskattanevnd falið að framkvæma breytingar á framtölum þeirra, er hlut eiga að máli.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Vitað er, að allmikið af fiskiskipum og tækjum til hagnýtingar sjávarafurða hefur verið byggt eða keypt með styrjaldarverði. Eðlilegt virðist, að eigendur þessara tækja megi fyrst og fremst verja stríðsgróðanum til þess að koma þeim niður í eðlilegt verð. En mikið mun á skorta, að öllum hafi tekizt þetta. Mundi það valda erfiðleikum og jafnvel geta leitt til algerðrar framleiðslustöðvunar hjá sumum, ef þeir að styrjöldinni lokinni stæðu með hin rándýru tæki sokkin í skuldir. Með tillögu þessari er tilgangurinn sá að koma því til leiðar, að með stríðsgróða, ef einhver verður hér eftir hjá útgerðinni, verði unnt að borga tækin niður í eðlilegt verð og tryggja með því betur en enn hefur verið gert rekstur þeirra eftir stríðið.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögunni við framsögu.